

## REGLUGERÐ

### um (9.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

#### 1. gr.

1. ml. 2. mgr. 53. gr. orðist svo:

Við afgreiðslu lyfja frá lyfsölu heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa skv. ákvæðum 4. gr. reglugerðar nr. 27/1983, um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa, sbr. breytingu frá 11. apríl 1991, skal í öllu fylgja ákvæðum þessarar reglugerðar.

#### 2. gr.

66. gr. orðist svo:

Lyfjafræðingi er heimilt að afhenda minnstu pakkningastærð lyfseðilsskylds, staðlaðs lyfs án lyfseðils í undantekningartilvikum, þegar ekki næst til læknis, enda telji lyfjafræðingur brýna ástæðu til að verða við slíkri beiðni. Viðtakandi verður að greiða lyfið að fullu og staðfesta móttöku þess með undirritun (nafn og kennitala). Lyfjafræðingur sendir landlækni útfyllt símalyfseðilseyðublað (sbr. viðauka 2 við þessa reglugerð), sem á er ritað/stimplað orðið lyfseðilsafrit (sbr. 37. gr.) til staðfestingar á slíkri afgreiðslu.

Ákvæði þetta nær ekki til ávana- og fíknilyfja, sbr. IV. kafla þessarar reglugerðar.

#### 3. gr.

66. gr. verður 67. gr.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. apríl 1991.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um starfsleyfi fyrir Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins b.s. Gufunesi, Reykjavík.

#### 1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku, flokkun, endurvinnslu, pökkun og eyðingu úrgangs fyrir athafnasvæði Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins b.s., Gufunesi í Reykjavík og Álfsnesi í Kjalarneshreppi.
- 1.2. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, lagt til við umhverfisráðherra, að starfsleyfi þetta verði endurskodað, ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða röskun lífríkis, frá starfseminni.
- 1.3. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.